



Skaftárhreppur 8509

Klausturvegur 15 - 880 Kirkjubæjarklaustur

Sími 487 4840 – Myndsendir 487 4842 – Netfang klaustur@klaustur.is – Kennitala 480690-2069

Fundargerð

Fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps, haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins, mánudaginn 13. mars 2006 kl. 19⁰⁰.

258. fundur, 3. fundur ársins.

Heiða G. Ásgeirsdóttir, sveitarstjórnarmaður af N-lista, er fjarverandi og situr Alexander G. Alexandersson, fundinn í hennar stað.

Fundargerð tölvuskráð af sveitarstjóra.

I. Sveitarstjóri og oddviti greina frá úrvinnslu mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum.

Í kjölfar umræðu um starfsemi RARIK á Kirkjubæjarklaustri samþykkti sveitarstjórn eftirfarandi bókun:

“Vegna fyrirhugaðra breytinga á starfsmannahaldi RARIK á Kirkjubæjarklaustri leggur sveitarstjórn Skaftárhrepps áherslu á að þjónusta fyrirtækisins í sveitarfélaginu verði ekki skert frá því sem verið hefur.

Vegna mikill fjarlægða frá Kirkjubæjarklaustri til annarra þjónustustöðva RARIK, svo og í ljósi þess að línukerfi svæðisins er mjög viðfeðmt, er óásættanlegt annað en að á Kirkjubæjarklaustri verði áfram mönnum þjónustustöð. Sveitarstjórn lýsir ánægju með þjónustu RARIK hingað til og treystir því að áfram verði veitt metnaðarfull þjónusta á svæðinu, viðskiptavinum og fyrirtækinu sjálfu til ávinnings.”

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Fasteignamál.

Fyrir liggur að fundur Veidifélags Skaftártungumanna, haldinn 26. febrúar 2006, samþykkti gagntilboð Skaftárhrepps vegna kauptilboðs Veidifélagsins í leitarmannahúsið í Lambaskarðshólum.

Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra heimild til að ganga frá kaupsamningi á grundvelli gagntilboðsins.

Lagður er fram verksamningur, vegna jarðvinnu við sundlaugina á Kirkjubæjarklaustri, milli Skaftárhrepps og Birgis Jónssonar, f.h. fleiri verktaka, undirritaður af sveitarstjóra og Birgi Jónssyni, dags. 3. mars 2006. Vísað er til liðar III.2. hér á eftir við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn staðfestir samninginn.

Rætt um samningamál varðandi leitarmannahús á Skaftártunguafretti í eigu Skaftárhrepps sem eru í vörslu Ferðafélagsins Útivistar. Sveitarstjóra falið kynna fjallskilanefnd Skaftártunguafreftar stöðu samninga við Útivist.



Skaftárhreppur 8509

Klausturvegur 15 - 880 Kirkjubæjarklaustur

Sími 487 4840 – Myndsendir 487 4842 – Netfang klaustur@klaustur.is – Kennitala 480690-2069

Forsvarsmenn byggingarnefndar íþróttahúss gerðu grein fyrir stöðu mála við framkvæmdir og hönnunarvinnu sundlaugar og þjónustubyggingar. Sveitarstjórn lýsir ánægju með störf nefndarinnar.

2. Fjármál.

Gjaldskrá fyrir hundahald í Skaftárhreppi.

Tillaga að nýrri gjaldskrá lögð fram. Tillagan er samþykkt en fyrir liggur samþykki Heilbrigðisnefndar Suðurlands. Ný gjaldskrá gildir fyrir árið 2006 og skal send til auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Lagður fram listi yfir gamlar óinnheimtanlegar kröfur, samtals að fjárhæð kr. 644.444,-. Sveitarstjórn samþykkir að afskrifa kröfurnar.

Trúnaðarmál, fært í trúnaðarmálabók.

III. Fundargerðir til samþykktar.

1. 3. fundur ársins í byggingarnefnd íþróttahúss, dags. 22. febrúar 2006.
Fundargerðin samþykkt.
2. 4. fundur ársins í byggingarnefnd íþróttahúss, dags. 1. mars 2006.
Fundargerðin samþykkt.
3. 76. fundur félagsmálanefndar, dags. 2. mars 2006.
Fundargerðin samþykkt.
4. 20. fundur æskulýðs- og íþróttanefndar, dags. 13. mars 2006.
Fundargerðin samþykkt.

IV. Fundargerðir til kynningar.

1. 64. fundur í rekstrarnefnd Klausturhóla, dags. 31. maí 2005.
2. 65. fundur í rekstrarnefnd Klausturhóla, dags. 9. september 2005.
3. 66. fundur í rekstrarnefnd Klausturhóla, dags. 30. janúar 2006.
4. 3. fundur ráðgjafarnefndar þjóðgarðsins í Skaftafelli, dags. 1. febrúar 2006.
5. 67. fundur í rekstrarnefnd Klausturhóla, dags. 10. febrúar 2006.
6. 47. fundur barnaverndarnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 7. febrúar 2006.
7. 68. fundur í rekstrarnefnd Klausturhóla, dags. 14. febrúar 2006.
8. 256. fundur stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands, dags. 24. febrúar 2006.
9. 69. fundur í rekstrarnefnd Klausturhóla, dags. 2. mars 2006.



Skaftárhreppur 8509

Klausturvegur 15 - 880 Kirkjubæjarklaustur

Sími 487 4840 – Myndsendir 487 4842 – Netfang klaustur@klaustur.is – Kennitala 480690-2069

V. Annað kynningarefni.

1. Greinargerð um rekstur sorpokustöðvar Skaftárhrepps árið 2005, dags. 6. febrúar 2006.
2. Bréf frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands, málefni heilbrigðisþjónustu, dags. 9. febrúar 2006.
3. Bréf frá Hagstofu Íslands, Þjóðskrá, íbúaská 1. desember 2005, dags. 10. febrúar 2006.
4. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, 11. norræna sveitarstjórnarráðstefnan, dags. 10. febrúar 2006.
5. Bréf frá iðnaðarnefnd Alþingis, stefnumótandi byggðaáætlun 2006-2009, dags. 17. febrúar 2006.
6. Bréf frá félagsmálaráðuneytinu, breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, dags. 22. febrúar 2006.
7. Bréf frá UST, upplýsingar er vaða eftirlit á leiksvæðum, dags. 28. febrúar 2006.

VI. Samþykkt fundargerðar / fundarslit.

Fundargerð lesin, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl. 23:05.

Árni Jón Eliasson

Jóna Sigurbjartsdóttir

Ragnar Jónsson

Sveinbjörg Pálsdóttir

Kjartan Magnússon

Þorsteinn M. Kristinsson

Alexander G. Alexandersson